

Inner Wheel dagurinn

Haldinn í Kríunesi 10. janúar 2026.

Sigurbjörg Magnúsdóttir umdæmisstjóri setti fund kl. 11.30 og bauð félag og gesti þeirra velkomna. Hún er fundarstjóri þessa fundar og fundargerð ritar Sólveig Árnadóttir. Hún las markmið Inner Wheel og einkunnarorð starfsársins sem eru „Vertu ávallt góð fyrirmynd“ Þetta er hinn árlegi sameiginlegi fundur allra klúbbanna í Umdæmi 136 en samtökin eru 102 ára á þessu ári og starfa í yfir 100 löndum víðsvegar í heiminum. Inner Wheel á Íslandi var stofnað árið 1987, klúbbarnir eru 6 og félagar um 130. Á þennan fund mættu 59 klúbbfélagar og gestir.

Fulltrúar klúbbanna segja frá starfi þeirra.

IW Selfoss, Hjördís: Félagar eru 27. Klúbburinn fer í heimsóknir td. í fyrirtæki, á jólafundi var boðið upp á föndur og í maí verður farið í heimsókn í Elliðaárdal.

IW Reykjavík, Stefanía: í þessum klúbbi er meðalaldur félaga 83 ár. Á jólafund þeirra kom sr. Sigurður Jónsson og 5 ára stúlka lék jólalög á píanó. Á fundi í febrúar verður gestur Magnús Jónsson fyrrverandi veðurstofustjóri, í mars er árshátíð, í apríl styrkveiting og vorferð verður farin „út í bláinn“

IW Kópavogur, Magga Hrönn: Á fundi í nóvember var klúbbfélagi Sigurbjörg Magnúsdóttir umdæmisstjóri sérstakur gestur og sagði ma. frá starfi sínu sem umdæmisstjóri. Á jólafund kom sr. Hildur Sigurðardóttir. Í janúar verður bókakynning þar sem félagar kynna nýjar bækur. Í febrúar verður etv. farið í heimsókn eða gestum boðið og vorferð farin í maí.

IW Keflavík, Marianna: Á jólafundi var fjáröflun fyrir styrkveitingu, annars hefðbundnir fundir og farið verður í ferðalag í maí. Fjölgað hefur í klúbbum, félagar eru 36.

IW Görðum, Laufey: Félagar eru 13, meðalaldur 85 ár og aldursforseti klúbbsins er 98 ára. Klúbburinn heldur sameiginlega fundi með IW Hafnarfjörður. Á fundum eru ma. fyrirlesarar og tónlistarflutningur.

IW Hafnarfjörður, Agnes: Á þessu ári verður klúbburinn 50 ára, stofnaður árið 1976 og félagar 23. Á sameiginlegum jólafundi þessara tveggja klúbba voru 40 félagar og gestir. Kynnt var ævisaga sr. Braga Friðrikssonar. Happraætti til styrktar Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar.

Matarhlé.

Söngatriði:

Katrín Ósk Einarsdóttir. Hún syngur með kór Margrétar Pálmadóttur og Rokkkór Íslands. Hún flutti lögin Með þér, Þetta líf og Ást. Saman sungu allir lagið Vikivaki.

Erindi:

Valdís B. Guðjónsdóttir IW Hafnarfjörður og verðandi umdæmisstjóri flytur erindið **Að lesa fyrir börn.** Hún er kennari og talmeinafræðingur. Að lesa fyrir börn eflir málþroska og málskilning. Eykur orðaforða, eflir málvitund, málþærni og lesskilning. Að lesa fyrir börn eflir lestrarleikni og ímyndunarafl og gefur innsýn í bókmenntir. Hvað þarf að lesa oft? Td. áður en barnið fer að sofa eða á hverjum degi í 15 mínútur. Leyfið barninu að velja bókina eða veljið bækur sem barnið hefur áhuga á. Lesið jafnvel sömu bókina aftur og aftur og einnig er hægt að „lesa bók án orða“ Lesið mismunandi sögur, td. þjóðsögur og ævintýri. Skoðið bókina og myndirnar í henni og útskýrið erfið orð. Spjallið um söguna, hvar gerðist hún og á hvaða tíma og hver var aðalpersónan. Hafið gaman af lestrinum!

Fleira var ekki á dagskrá þessa fundar, Sigurbjörg Magnúsdóttir umdæmisstjóri þakkaði Katrínu fallegan söng og Valdísi fróðlegt erindi og þeim voru færðar rauðar rósir. Hún minnti á umdæmisþingið sem verður þann 16. maí. Hún þakkaði félögum og gestum fyrir frábæran fund og einstaklega góða mætingu.

Fundi slitið kl. 14.30.

Sólveig Árnadóttir fundarrita